| Rekstrargrunnur, m.kr. | Fjárlög 2023 | Heimildir 2023 | br. m.kr. | br. % |
|---|---|---|---|---|
| 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess | 7.169,1 | 7.178,6 | 9,5 | 0,1% |
| 02 Dómstólar | 3.839,1 | 3.839,1 | | |
| 03 Æðsta stjórnsýsla | 2.855,4 | 2.855,4 | | |
| 04 Utanríkismál | 16.786,2 | 17.906,9 | 1.120,7 | 6,7% |
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla | 27.256,3 | 27.578,3 | 322,0 | 1,2% |
| 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár | 3.323,3 | 3.323,3 | | |
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 34.892,2 | 34.892,2 | | |
| 08 Sveitarfélög og byggðamál | 30.369,1 | 32.382,1 | 2.013,0 | 6,6% |
| 09 Almanna- og réttaröryggi | 38.859,7 | 39.331,3 | 471,6 | 1,2% |
| 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála | 20.045,9 | 20.495,9 | 450,0 | 2,2% |
| 11 Samgöngu- og fjarskiptamál | 52.417,8 | 53.020,8 | 603,0 | 1,2% |
| 12 Landbúnaður | 21.379,1 | 21.379,1 | | |
| 13 Sjávarútvegur og fiskeldi | 6.866,1 | 6.866,1 | | |
| 14 Ferðaþjónusta | 2.376,7 | 2.376,7 | | |
| 15 Orkumál | 8.461,4 | 8.461,4 | | |
| 16 Markaðseftirlit og neytendamál | 3.548,5 | 3.548,5 | | |
| 17 Umhverfismál | 29.892,2 | 31.327,5 | 1.435,3 | 4,8% |
| 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál | 20.993,3 | 21.788,8 | 795,5 | 3,8% |
| 19 Fjölmiðlun | 6.281,8 | 6.281,8 | | |
| 20 Framhaldsskólastig | 42.140,9 | 42.421,9 | 281,0 | 0,7% |
| 21 Háskólastig | 60.196,0 | 60.486,6 | 290,6 | 0,5% |
| 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála | 5.493,1 | 5.504,1 | 11,0 | 0,2% |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta | 143.477,1 | 143.788,8 | 311,7 | 0,2% |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa | 78.541,2 | 79.124,6 | 583,4 | 0,7% |
| 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta | 77.118,8 | 77.118,8 | | |
| 26 Lyf og lækningavörur | 36.514,2 | 37.793,2 | 1.279,0 | 3,5% |
| 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks | 100.539,2 | 102.589,2 | 2.050,0 | 2,0% |
| 28 Málefni aldraðra | 115.017,3 | 115.017,3 | | |
| 29 Fjölskyldumál | 58.314,3 | 58.330,2 | 15,9 | 0,0% |
| 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi | 38.460,1 | 38.910,1 | 450,0 | 1,2% |
| 31 Húsnæðis-og skipulagsmál | 18.861,4 | 19.381,4 | 520,0 | 2,8% |
| 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála | 11.297,6 | 11.312,6 | 15,0 | 0,1% |
| 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi | 140.907,9 | 211.271,9 | 70.364,0 | 49,9% |
| 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir | 57.487,1 | 57.487,1 | | |
| 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna | 12.887,3 | 12.987,3 | 100,0 | 0,8% |
| Samtals | 1.334.866,7 | 1.418.358,9 | 83.492,2 | 6,3% |

Á málefnasviðum **heilbrigðismála**[3] er gert ráð fyrir að framlög hækki um 2,2 ma.kr. nettó. Áætlun Sjúkratrygginga Íslands gera nú ráð fyrir að sjúkratryggingaliðir fari um 2 ma.kr. fram úr fjárheimildum ársins en mikill munur er á einstökum liðum. Þannig er gert ráð fyrir að útgjöld til almennra lyfja verði rúmlega 3,1 ma.kr. hærri (20%) en fjárveiting ársins miðað við gengi fjárlaga. Ekki hefur verið gripið til nægilegra ráðstafana innan ársins til að tryggja að útgjöld liðarins séu innan heimilda. Sama gildir um fleiri liði sjúkratrygginga, s.s. tannlækningar, brýna meðferð erlendis og sjúkrakostnað vegna veikinda og slysa erlendis. Á móti vegur að kostnaður við sjúkra- og talþjálfun stefnir í að vera um 1,4 ma. kr. (18%) undir áætlun. Vakin er athygli á því að í frumvarpinu eru gerðar millifærslutillögur milli málaflokka vegna þessara liða til að netta út heimildir til samræmis við nýtingu þeirra.

Á málefnasviðum **mennta- og menningarmála**[4] er lögð til 1,4 ma.kr. hækkun. Vegur þar þyngst 969 m.kr. aukið framlag vegna byggingarframkvæmda við Eddu, hús íslenskunnar, en framkvæmdin er nú á lokastigi. Gert er ráð fyrir að 30% aukningarinnar séu fjármögnuð af Happdrætti Háskóla Íslands, eins og tíðkast hefur á framkvæmdatíma hússins. Þá er lagt til að veita 218 m.kr. til framhaldsskólastigsins til að mæta auknum kostnaði vegna fjölgunar nemenda á starfsbrautum, en veruleg nemendaaukning hefur átt sér stað á árinu og voru stofnaðar nýjar starfsbrautir í haust til að mæta þeirri aukningu. Jafnframt eru veittar 80 m.kr. til stuðnings bókaútgáfu á íslensku. Stuðningurinn er í formi endurgreiðslu og hefur útgáfa bóka á íslensku reynst mun meiri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Hækkunin kemur til móts við hluta af þegar samþykktum umsóknum og er gert ráð fyrir að það sem eftir stendur dragist af fjárveitingu næsta árs.

Útgjöld til **umhverfis-, orku- og loftslagsmála**[5] aukast um 1,4 ma.kr. sem skýrist að mestu leyti af 1,4 ma.kr. gjaldfærslu loftslagsheimilda á árinu en á móti kemur tekjufærsla af sölu heimildanna. Um er að ræða breytingar á bókhaldslegri meðferð loftslagsheimilda sem nýttar eru í skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Lagt er til að framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála**[6] verði aukin um 600 m.kr. sem skýrist annars vegar af 500 m.kr. auknum framlögum vegna þjónustu á vegakerfinu, sem einkum má rekja til mikilla snjóþyngsla í byrjun árs. Hins vegar er framlag aukið um 103 m.kr. til að tryggja fjármögnun alþjónustubyrði í pósti sem byggir á 12. gr. laga nr. 98/2019 um póstþjónustu.

Lagt er til að veita tæplega 500 m.kr. á málefnasviði **almanna- og réttaröryggis**[7]. Er þar fyrst og fremst um að ræða 236 m.kr. til að styrkja rekstur Landhelgisgæslunnar á árinu. Auk þess er lagt til að veita 120 m.kr. framlag til sanngirnisbóta vegna uppgjörs eldri mála, sem einkum snúa að misgjörðum á stofnunum fyrir fötluð börn en fjárheimild hafði áður verið felld niður við árslok 2021. Þá er jafnframt lagt til að heimila nýtingu fjárheimilda sem veittar voru vegna viðhaldsframkvæmda á Litla-Hrauni til undirbúnings byggingar nýs fangelsis í ljósi þess að um hagkvæmari kost sé að ræða. Áætlaður kostnaður endurbóta er hærri en áður var gert ráð fyrir vegna slæms ástands húsnæðisins. Málið verður skoðað við gerð fjármálaáætlunar 2025–2029 þar sem gert verður ráð fyrir breyttri forgangsröðun á þegar samþykktum framkvæmdum sem og beiðni um viðbótarfjárheimild á síðari hluta áætlunarinnar.

Af **öðrum málefnasviðum**[8] má helst nefna að lögð er til 2 ma.kr. hækkun á lögbundnu framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en breytingin er til samræmis við endurmat á innheimt-

[3] Til heilbrigðismála heyra málefnasvið 23–26 ásamt málaflokkum 32.10 og 32.30.
[4] Til mennta- og menningarmála heyra málefnasvið 18–22.
[5] Til umhverfis-, orku- og loftslagsmála heyra málefnasvið 15 og 17.
[6] Samgöngu- og fjarskiptamál heyra undir málefnasvið 11.
[7] Til almanna- og réttaröryggis heyrir málefnasvið 9.
[8] Til annarra málefnasviða heyra málefnasvið 1–4, 6, 8, 10, 12–14, 16 og 34–35.

um skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni. Þá er gert ráð fyrir 1,1 ma.kr. framlagi vegna kaupa á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu til samræmis við þingsályktun sem samþykkt var í lok maí sl.

Útgjöld vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks hafa verið umtalsvert umfram forsendur fjárlaga ársins eða sem nemur um 7,1 ma.kr., sem er til viðbótar 7,9 ma.kr. framlagi í fjárlögum líðandi árs. Af framangreindri fjárhæð er í frumvarpinu lagt til að veita 450 m.kr. framlag vegna átaks til styttingar málsmeðferðartíma vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og til að mæta auknum kostnaði vegna talsmannaþjónustu. Að öðru leyti er lagt til að stærstur hluti umframútgjalda vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks, alls 6,6 ma.kr., verði millifærður úr almennum varasjóði til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis annars vegar og dómsmálaráðuneytis hins vegar. Nánar er fjallað um nýtingu almenna varasjóðsins í kafla 1.4.

Vert er að geta þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingum á fjárheimildum í tengslum við slit á félaginu Fjárföng ehf. Félagið er að fullu í eigu ríkisins og til þess var stofnað til að hraða loftslagsvænum og rekstrarhagkvæmum fjárfestingum stofnana í A1-hluta ríkisins sem stofnanir greiddu fyrir af rekstrarfé sínu. Fjárföng ehf. hafa fjárfest í eignum til notkunar hjá nokkrum ríkisaðilum í A1-hluta. Við nánari skoðun á fyrirkomulaginu er talið æskilegt að færa eignarhald fjárfestinganna á stofnanirnar, en til þess þarf að hækka fjárfestingarheimild ársins. Á móti hækkaðri fjárfestingarheimild er lagt til að rekstrargjaldaheimild ársins, og næstu ára, verði lækkuð svo að áhrif á ríkissjóð á tímabilinu verði engin. Þær fjárfestingar sem um ræðir eru bifreiðar og nýtt málaskrárkerfi Stjórnarráðsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að stofnanir hafi haft bifreiðar í rekstri frá september 2023. Gerð verður tillaga í 2. umræðu frumvarps til fjárlaga 2024 um að rekstrargjaldaheimildir viðkomandi stofnana verði næstu fjögur árin lækkaðar jafnt um það sem eftir stendur sem og lækkun hjá Umbru vegna málaskrárkerfis. Hækkun fjárheimilda vegna þessa nemur alls 670 m.kr. í frumvarpinu, sjá nánar eftirfarandi töflu. Frekari grein er gerð fyrir sundurliðun á málefnasvið í kafla um greinagerðir einstakra málaflokka.

| Málefnasvið, stofnun | Breyting á fjárfestingar-heimild 2023 | Breyting á rekstrar-heimild 2023 | Samtals |
|---|---|---|---|
| 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla, Umbra | 322,0 | 0,0 | 322,0 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi, Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu | 85,4 | -5,7 | 79,7 |
| 09 Almanna- og réttaröryggi, Lögreglustjórinn á Vesturlandi | 38,6 | -2,6 | 36,0 |
| 17 Umhverfismál, Skógræktin | 37,8 | -2,5 | 35,3 |
| 23 Sjúkrahúsþjónusta, Landspítali-Háskólasjúkrahús | 74,7 | -5,0 | 69,7 |
| 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, Heilbrigðisstofnun Suðurlands | 119,3 | -7,9 | 111,4 |
| 29 Fjölskyldumál, Barna- og fjölskyldustofa | 17,0 | -1,1 | 15,9 |
| **Samtals** | **694,8** | **-24,8** | **670,0** |

Í frumvarpinu eru enn fremur lagðar til millifærslur milli málefnasviða og málaflokka og breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda. Um er að ræða breytingar sem hafa ekki áhrif á heildarútgjöld og þar með afkomu ríkissjóðs en geta haft áhrif til bæði hækkunar og lækkunar á fjárheimildum einstakra málefnasviða og málaflokka. Að öðru leyti er vísað í nánari umfjöllun um útgjaldabreytingar málefnasviða og málaflokka í greinargerð viðkomandi málefnasviða.

## 1.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál var lagt mat á áhrif tillagna á markmið um jafna stöðu kynjanna. Lagt var mat á hvort ráðstafanir væru líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi á stöðu kynjanna eða auka kynjamisrétti eða kynjabil. Jafnréttismat liggur fyrir í um fimmtungi tillagna.

Í þeim tillögum sem taldar eru **stuðla að jafnrétti** vegur þyngst eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega ásamt framlagi til óreglulegra greiðslna lífeyris almannatrygginga. Konur eru í meiri hluta örorkulífeyrisþega, auk þess sem konur eru að meðaltali með lægri tekjur aðrar en greiðslur frá almannatryggingum sér til framfærslu og fá því hærri greiðslur frá almannatryggingum. Aukning á stofnframlögum er einnig talin stuðla að jafnrétti. Konur eru líklegri til að vera á leigumarkaði en karlar, en ekki liggja fyrir kyngreind gögn um leigjendur í almenna íbúðakerfinu. Þó liggur fyrir að langstærsti hópur leigjenda, eða ríflega 40%, er fólk á vinnumarkaði sem fellur undir tekju- og eignamörk. Konur eru í meiri hluta í lægstu tekjutíundunum og eru auk þess í meiri hluta í flestum öðrum félagshópum sem litið er til hér, t.d. í hópi námsmanna, öryrkja og aldraðra. Það er því ekki ólíklegt að konur séu í meiri hluta leigjenda í almenna íbúðakerfinu og að ráðstafanirnar gagnist þeim sérstaklega.

Flestar tillögur sem voru jafnréttismetnar voru taldar **viðhalda óbreyttu ástandi**. Stærst að umfangi eru aukin framlög vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd en kynjahlutfall innan þessara hópa er tiltölulega jafnt. Þá eru kaup á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu talin viðhalda óbreyttu ástandi. Hersjúkrahúsið í Úkraínu veitir hermönnum og íbúum átakasvæða aðhlynningu. Ekki hefur verið gerð greining á kynjahlutföllum þeirra sem nota þjónustuna en líklegt telst að það séu í flestum tilfellum karlmenn. Sjúkrahúsið er þó einn liður í því að styðja Úkraínu í að berjast fyrir sjálfstæði sínu og koma á friði en friður er mikilvæg forsenda jafnréttis. Viðbótarfjárveiting vegna aukins lyfjakostnaðar, tannlæknakostnaðar og brýnnar meðferðar erlendis er talin viðhalda óbreyttu ástandi.

## 1.4 Ráðstöfun úr almennum varasjóði á árinu 2023

Í tengslum við hlutverk og umfang fjáraukalaga er einnig bent á að í 24. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um almennan varasjóð A1-hluta ríkissjóðs. Skilyrði fyrir ráðstöfun úr sjóðnum eru sams konar og þau sem gilda um frumvarp til fjáraukalaga, þ.e. að honum er ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum frá launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti skv. fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga en fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Í fjárlögum fyrir árið 2023 nemur fjárheimild sjóðsins um 34,6 ma.kr. eða sem svarar til 2,7% af heildarfjárheimild fjárlaga ársins. Líkt og kom fram í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu 2023 skýrist þetta háa hlutfall af því að vegna mikillar óvissu um niðurstöðu kjarasamninga var ákveðið að úthluta ekki stofnunum viðbótarfjárveitingum byggt á áætlunum um mögulegar launahækkanir vegna ársins 2023. Í stað þess var gert ráð fyrir auknu svigrúmi í almenna varasjóðnum til að mæta áætluðum launahækkunum á árinu 2023 og eftir því sem niðurstöður kjarasamninga lægju fyrir yrði fjárveitingum stofnana breytt til samræmis.

Þegar hefur verið ráðstafað 19,5 ma.kr. úr almenna varasjóðnum, nær alfarið vegna útdeilingar á fjárveitingum til stofnana og verkefna vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið á árinu, sbr. ofangreint. Því til viðbótar er áformað að ráðstafa 11,4 ma.kr. til ýmissa útgjaldamála sem voru til skoðunar við vinnslu frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir að millifæra um 6,6 ma.kr. vegna útgjalda sem fallið hafa til og varða flóttafólk og umsóknir um alþjóðlega vernd, 1,5 ma.kr. vegna kostnaðar við leiðtogafund Evrópuráðsins, 1,4 ma.kr. vegna dóm-

krafna í málum sem ríkissjóður hefur tapað og 1,3 ma.kr. vegna endurmats á útgjöldum sem fyrst og fremst ráðast af gengi erlendra gjaldmiðla. Að auki verða millifærðar um 490 m.kr. vegna annarra tilefna.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari ráðstöfun úr sjóðnum og er því til staðar tæplega 3,8 ma.kr. svigrúm til að bregðast við óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna jarðhræringa og mögulegra eldsumbrota á Reykjanesi fyrir lok þessa árs ef til þess kæmi.

| Almennur varasjóður: Ráðstöfun 2023 | m.kr. |
|---|---|
| Fjárveiting ársins | 34.649,3 |
| Þegar ráðstafað | -19.500,6 |
| Launahækkanir 2023 | -19.275,6 |
| Ríkisábyrgð vegna stuðningslána | -200,0 |
| Samhæfingarteymi/stöðu um móttöku flóttafólks | -25,0 |
| Ráðstöfun v/vinnslu fjáraukalagafrv. 2023 | -11.383,0 |
| Umsækjendur um alþjóðlega vernd | -6.630,0 |
| Leiðtogafundur Evrópuráðsins | -1.505,0 |
| Dómkröfur - umframútgjöld | -1.444,0 |
| Endurmat á gengisforsendum | -1.314,0 |
| Riða í Miðfirði | -237,0 |
| Ríkislögreglustjóri: Eldgos og snjóflóð | -198,0 |
| Veðurstofa: Eldgos og uppsetning mæla á Seyðisfirði | -55,0 |
| Óráðstafað | 3.765,7 |

# 2 Endurmat á afkomu ársins 2023

## 2.1 Afkoma

Í frumvarpi til fjáraukalaga er einungis verið að leita eftir auknum fjárheimildum til málefnasviða og málaflokka. Frumvarpið felur því ekki í sér heildarendurmat á áætluðum útgjöldum ársins, s.s. þegar um er að ræða útgjöld sem gætu orðið lægri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir. Það felur í sér að misræmi getur verið í samanburði, annars vegar á tillögum að breyttum fjárheimildum í fjáraukalagafrumvarpi og hins vegar í endurmati á áætluðum útgjöldum ársins sem fjallað er um í þessum kafla. Í ljósi þessa þykir rétt að setja umfang fjáraukalagafrumvarpsins í stærra samhengi við þróun afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Afkoma ríkissjóðs hefur batnað verulega á síðustu misserum og hefur batinn verið umtalsvert hraðari en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Áætlað er að halli á rekstri ríkissjóðs í ár verði um 45 ma.kr., eða 1,1% af VLF. Það er ríflega 74 ma.kr., eða 1,9% af VLF, betri afkoma en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Breytingin á afkomuhorfum yfirstandandi árs er til marks um hve skjótt afkoma ríkissjóðs hefur batnað undanfarið og þá fyrst og fremst tekjuhliðin til samræmis við kröftugan efnahagsbata, þótt nýlega hafi komið fram vísbendingar um að nú hægi á. Bati í frumjöfnuði ríkissjóðs er nokkru meiri en í heildarafkomunni og er áætlað að frumjöfnuðurinn verði jákvæður um tæplega 42 ma.kr. í ár sem er yfir 90 ma.kr. betri afkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Með uppfærðum horfum yfirstandandi árs er búið að innbyrða áhrif af umtalsvert betri stöðu ríkisfjármála á árinu 2022 en gert var ráð fyrir við vinnslu fjárlaga seint á síðasta ári. Gangi þessar áætlanir eftir hefur tekist að snúa við þeim mikla hallarekstri sem myndaðist í kórónuveirufaraldrinum á árunum 2020–2021 þegar hallinn nam 7–8% af VLF og stefnir í að hallinn á rekstri ríkissjóðs verði orðinn sambærilegur og árið 2019. Borið saman við niðurstöðu ársins 2019 er frumjöfnuður ríkissjóðs um 0,7% af VLF betri á þessu ári, en vaxtajöfnuður um 0,4% af VLF lakari sem rekja má til hærri skuldsetningar í kjölfar heimsfaraldursins og hærri fjármögnunarkostnaðar.

| | ma.kr. | | | % af VLF | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjóðhagsgrunnur | Fjárlög 2023 | Áætlun 2023 | br. | Fjárlög 2023 | Áætlun 2023 | br. |
| Frumtekjur | 1.122,5 | 1.227,1 | 104,6 | 28,4 | 29,2 | 0,8 |
| Frumgjöld | 1.172,8 | 1.185,6 | 12,8 | 29,7 | 28,2 | -1,4 |
| **Frumjöfnuður** | **-50,3** | **41,5** | **91,8** | **-1,3** | **1,0** | **2,3** |
| Vaxtatekjur | 25,4 | 37,3 | 11,8 | 0,6 | 0,9 | 0,2 |
| Vaxtagjöld | 94,7 | 124,1 | 29,4 | 2,4 | 3,0 | 0,6 |
| **Vaxtajöfnuður** | **-69,3** | **-86,8** | **-17,6** | **-1,8** | **-2,1** | **-0,3** |
| Heildartekjur | 1.147,9 | 1.264,4 | 116,5 | 29,0 | 30,1 | 1,1 |
| Heildargjöld | 1.267,5 | 1.309,7 | 42,2 | 32,0 | 31,2 | -0,9 |
| **Heildarjöfnuður** | **-119,6** | **-45,3** | **74,3** | **-3,0** | **-1,1** | **1,9** |

Á móti miklum bata í frumjöfnuði samanborið við áætlun fjárlaga ársins 2023 vegur að hluta lakari vaxtajöfnuður sem versnar um ríflega 18 ma.kr. Þessi breyting er vegna hærri verðbólgu og vaxtastigs. Verðbólga á árinu 2023 stefnir í að vera 8,7% samborið við spá um 5,6% við vinnslu fjárlaga. Aukningu vaxtagjalda má að stærstu leyti rekja til hærri gjaldfærslu á verðbótum á rekstrargrunni sem aukast um rúmlega 20 ma.kr. Rétt er að vekja athygli á því

í þessu sambandi að ekki er um að ræða samsvarandi útflæði úr ríkissjóði á greiðslugrunni á yfirstandandi ári. Í heild hækka vaxtagjöld um rúmlega 29 ma.kr. þegar jafnframt er tekið tillit til annarra breytinga, s.s. hærra vaxtastigs og breyttra forsendna um eignasölu. Nánar er fjallað um vaxtagjöldin í kafla 2.3 hér á eftir. Vaxtatekjur ríkissjóðs verða fyrir samsvarandi áhrifum verðbólgu og hærra vaxtastigs og eru vaxtatekjur áætlaðar um 12 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Vaxtajöfnuður ríkissjóðs stefnir þannig í að verða neikvæður um 87 ma.kr. á yfirstandandi ári, eða 2,1% af VLF.

Framangreindar afkomuhorfur fyrir árið 2023 eru áþekkar því endurmati sem birt var í frumvarpi til fjárlaga 2024 í september síðastliðnum[9] og lækka um 4 ma.kr., eða 0,1% af VLF frá því mati. Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar lítillega hærri, eða sem nemur 4 ma.kr., en nokkur breyting er á tekjuáætlun innbyrðis líkt og rakið er nánar hér á eftir. Á gjaldahlið er gert ráð fyrir um 9 ma.kr. hærri útgjöldum samanborið við fyrra mat en horfurnar eru uppfærðar með tilliti til upplýsinga sem hafa komið fram á síðustu vikum, m.a. uppgjör á rekstri ríkissjóðs á fyrstu níu mánuðum ársins og breytingum sem útlistaðar eru í þessu frumvarpi. Frávik ýmissa útgjaldaliða helst í megindráttum óbreytt, en m.a. er gert ráð fyrir hærri greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til samræmis við uppfærða tekjuáætlun og hærri dómkröfur í samræmi við niðurstöður mála sem rekin hafa verið fyrir dómstólum. Á móti vegur að hluta frekari lækkun atvinnuleysisbóta og horfur um lægri fjárfestingu vegna byggingar nýs Landspítala í samanburði við fyrra endurmat til samræmis við uppfærða verkáætlun.

## 2.2 Tekjur

Heildartekjur ársins 2023 eru áætlaðar 1.264 ma.kr., eða 30,1% af VLF. Samkvæmt endurmati verða heildartekjur um 116 ma.kr. meiri en í samþykktum fjárlögum. Þar af aukast skatttekjur og tryggingagjöld um 101 ma.kr. Endurmatið er í samræmi við breyttar efnahagsforsendur og nýjustu upplýsingar um álagningu og innheimtu einstakra skattstofna.

Af einstökum sköttum aukast tekjur af tekjuskatti lögaðila mest frá áætlun fjárlaga eða um 29 ma.kr. Nýtt mat byggir á álagningu ríkisskattstjóra frá því í október sl. en álagður tekjuskattur eykst um 41% milli ára. Hluta aukningarinnar má rekja til söluhagnaðar Landsvirkjunar vegna sölunnar á Landsneti til ríkissjóðs, sem gekk í gegn eftir samþykkt fjárlaga, en jafnvel þótt leiðrétt sé fyrir þeim einskiptislið reyndist tekjuskattur lögaðila sögulega hátt hlutfall vergrar landsframleiðslu.

Meðallaun hækka mun meira á árinu en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og sömu sögu er að segja um heildarvinnustundir sem aukast nærri tvöfalt meira en gert var ráð fyrir. Af því leiðir að tekjur af tekjuskatti einstaklinga hafa verið færðar upp um 19 ma.kr. vegna mikilla umsvifa á vinnumarkaði. Tekjur af fjármagnstekjuskatti aukast einnig umtalsvert frá samþykktum fjárlögum, eða um ríflega 21 ma.kr. Vaxtastig hefur enda reynst hærra og verðbólga meiri og þrálátari. Þess utan reyndist söluhagnaður á fyrra ári meiri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, en fjármagnstekjuskattur vegna hans kemur til gjalda á þessu ári.

Tekjur af VSK hækka úr 351 ma.kr. í 366 ma.kr., eða um 15 ma.kr. Hlutfallið af VLF lækkar þó úr 8,88% í 8,71%, eða um 0,16 prósentustig. Helstu forsendur endurmatsins eru eftirfarandi: Einkaneysla og heildareftirspurn innan lands að raunvirði munu vaxa svipað og spáð var í forsendum fjárlaga, eða um 1,4%–1,7%. Verðbólga hefur hins vegar verið meiri og er nafnvirði einkaneyslu nú talið verða 5% meira en í forsendum fjárlaga. Neysla á ferðalögum erlendis verður minni og er einkaneyslan án hennar að nafnvirði áætluð 9% meiri en í forsendum fjárlaga. Aðrir VSK-gefandi liðir innlendrar eftirspurnar hækka mun minna. Erlendir ferðamenn hér á landi verða 265 þús. manns fleiri og tekjur af þeim talsvert meiri.

[9] Sjá bls. 111 í greinargerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2024 í þingskjali 1 á 154. löggjafarþingi.

Álagning VSK til loka ágúst jókst um 14% að nafnvirði milli ára en innheimtan nokkru minna og hefur greinilega hægst á undanfarna mánuði. Tekjutap vegna ívilnana fyrir rafmagnsbíla, hjól o.fl. er áætlað 4 ma.kr. meira en í fjárlögum enda hefur sala bílanna verið mikil og að hluta á kostnað annarrar neyslu. Tekjuauki af minnkuðum endurgreiðslum til íbúðarhúsnæðis, samkvæmt fjármálaáætlun sl. vor, er áætlaður 2,3 ma.kr. á árinu. Loks hefur leiðrétting á tekjugrunni VSK fyrra árs áhrif til lækkunar um 7 ma.kr.

Aðrar tekjur ríkissjóðs en skattar og tryggingagjöld eru áætlaðar 15,3 ma.kr. meiri en samkvæmt fjárlögum. Má rekja 11,8 ma.kr. til hækkunar mats á vaxtatekjum ríkissjóðs og 6,1 ma.kr. til aukinna arðgreiðslna. Á móti kemur að sala á vöru og þjónustu er nú enduráætluð 3,9 ma.kr. minni en í fjárlögum.

### 2.3 Gjöld

Við endurmat á útgjaldahorfum ársins við vinnslu þessa frumvarps er tekið mið af rauntölum samkvæmt bókhaldsstöðu á fyrstu níu mánuðum ársins og áhættumati vegna framkvæmdar fjárlaga fyrir árið 2023, auk áætlana um þróun útgjalda til áramóta. Leitast er við að hafa matið eins raunhæft og mögulegt er og áætla öll útgjöld sem horfur eru á að falli til á árinu. Hafa þarf þann fyrirvara á að við endurmat útgjalda verður enn óvissa um framvindu ýmissa þátta og endanlegt uppgjör liða í lok árs, en almennt er gert ráð fyrir að ráðuneytin geri viðeigandi ráðstafanir vegna framkvæmdar fjárlaga til að taka á rekstrarhalla innan ársins og bregðast við frávikum innan sinna málefnasviða og málaflokka.

Heildarútgjöld ársins 2023 eru áætluð á þjóðhagsgrunni 1.310 ma.kr., eða 31,2% af VLF, sem eru um 42 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga.

Að stærstum hluta má rekja aukningu útgjalda til hærri gjaldfærslu vaxtagjalda sem hækka um rúmlega 29 ma.kr. Sú aukning skýrist að mestu af umtalsvert hærri verðbólgu á þessu ári en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir sem aftur leiðir til mun hærri gjaldfærslu á verðbótum verðtryggðra lána. Áætlað heildarumfang gjaldfærðra verðbóta á árinu nemur rúmlega 55 ma.kr., eða sem nemur u.þ.b. 20 ma.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Spá um verðbólgu árið 2023 fer úr 5,6% samkvæmt forsendum fjárlaga og verður 8,7% í uppfærðri spá og nemur hækkunin því rúmlega 3 prósentustigum. Heildarumfang verðtryggðra lána ríkissjóðs er nú yfir 600 ma.kr. og því leiðir hvert prósentustig aukinnar verðbólgu til ríflega 6–6,5 ma.kr. hækkunar á gjaldfærðum verðbótum. Verðbætur teljast til vaxtagjalda á rekstrargrunni samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli og eru samkvæmt staðlinum færð á því tímabili sem þau myndast. Þær hafa á hinn bóginn takmörkuð áhrif á greiðsluflæði ríkissjóðs fyrr en við endurgreiðslu lánsins þar sem verðbætur leggjast við höfuðstól. Ljóst er að umfang verðbóta hefur tekið stakkaskiptum samhliða auknu umfangi verðtryggðra lána í skuldasafni ríkissjóðs og í beinu samhengi við aukna verðbólgu, en t.a.m. nam heildarumfang verðbóta innan við 10 ma.kr. árið 2019. Í áætlunum er gert ráð fyrir að verðbætur lækki á næsta ári og árin þar á eftir samhliða lækkandi verðbólgu. Aðrar breytingar má einkum rekja til hærra vaxtastigs og breyttra forsendna um sölu Íslandsbanka sem leiðir til rúmlega 6 ma.kr. hærri gjaldfærslu vaxta á árinu umfram forsendur fjárlaga og uppfærðu mati á reiknuðum vöxtum vegna lífeyrisskuldbindinga sem hækkar um 3 ma.kr.

Frumgjöld eru áætluð í heild um 13 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar vegast á ýmsir liðir til hækkunar og lækkunar. Til hækkunar vega þyngst horfur um aukinn kostnað vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og móttöku flóttamanna, 7 ma.kr., ásamt félagsþjónustu flóttafólks á árinu. Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna aðgerða stjórnvalda til að bæta hag tekjulægri heimila vegna aukinnar verðbólgu á árinu, þ.e. að hækka bætur almannatrygginga um 2,5% frá miðju ári sem leiðir til nálægt 3 ma.kr. aukinna útgjalda. Þá er horft til hærri útgjalda vegna loftslagsheimilda og áforma um skattfrjálsa eingreiðslu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega í desember sem fram koma í frumvarpinu og kostnaðar vegna

tapaðra dómsmála. Jafnframt er tekið tillit til þess að kostnaður ýmissa liða sjúkratrygginga, þ.m.t. vegna almennra lyfja, stefnir í að verða 2 ma.kr. hærri nettó en heimildir á árinu. Til lækkunar vega þyngst horfur um umtalsvert lægri útgjöld vegna örorku- og ellilífeyris á árinu í samanburði við áætlun fjárlaga, samtals um 14 ma.kr., sem að stærstum hluta má rekja til hærri tekna ellilífeyrisþega en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þá er gert ráð fyrir 4 ma.kr. lægri kostnað vegna atvinnuleysis, en spáð atvinnuleysi er lægra en forsendur fjárlaga miðuðu við.

Í uppfærðum útgjaldahorfum málefnasviða hefur einnig verið tekið tillit til endurmats á launaforsendum fjárlaga vegna kjarasamninga sem gerðir hafa verið við ríkisstarfsmenn á yfirstandandi ári. Í tengslum við það hafa verið millifærðir um 19,3 ma.kr. til stofnana og verkefna af almennum varasjóði fjárlaga en í forsendum fjárlaga hafði verið gert ráð fyrir svigrúmi á varasjóðnum til að geta mætt launahækkunum innan þessa árs. Þá er gert ráð fyrir að almenni varasjóðurinn verði einnig nýttur á móti ýmsum öðrum útgjaldatilefnum sem rakin eru í kafla 1.4 fyrir um 11,6 ma.kr. Fjárveiting almenna varasjóðsins nemur 34,6 ma.kr. fyrir árið 2023 og er því til staðar tæplega 4 ma.kr. svigrúm hjá sjóðnum til að bregðast við óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna jarðhræringa og mögulegra eldsumbrota á Reykjanesi, fyrir lok þessa árs ef til þess kæmi.

## 2.4 Lánsfjármál

Heildarskuldir ríkissjóðs eru áætlaðar um 1.706 ma.kr. í árslok 2023 en voru áætlaðar 1.560 ma.kr. í fjárlögum fyrir árið 2023. Hækkunin nemur því 146 ma.kr. og skýrist annars vegar af lántökum sem tengjast kaupum ríkissjóðs á Landsneti í lok árs 2022 sem námu um 62,5 ma.kr. og hins vegar af því að í fjárlögum ársins 2023 var ekki gert ráð fyrir erlendri lántöku fyrir um 75 ma.kr. eins og síðar var stefnt að og er gert ráð fyrir í gildandi fjármálaáætlun. Hins vegar aukast með tímanum líkur á að lántakan verði ekki framkvæmd fyrr en á næsta ári en heimild er fyrir henni bæði á árunum 2023 og 2024. Önnur áhrif á skuldahorfur ríkissjóðs snúa að stórbættri afkomu ríkissjóðs, hærri landsframleiðslu og á móti frestun á sölu á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu verði 32,7% af VLF í árslok 2023 sem eru óbreyttar horfur frá fjárlögum ársins 2023.

## Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er farið yfir athugasemdir um breytingar á fjárheimildum einstakra málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu. Hluti breytinganna felst í innbyrðis leiðréttingu á hagrænni skiptingu fjárheimilda málefnasviða og málaflokka en þar er einkum um að ræða breytingar á fjárfestingarframlögum yfir í rekstrarframlög til samræmis við áætlað uppgjör viðkomandi liða í ríkisreikningi. Í meðfylgjandi töflu má sjá tillögur að breytingum á hagrænu skiptingunni en þessar leiðréttingar hafa engin áhrif á heildarheimildir málefnasviða og málaflokka né afkomu ríkissjóðs.

| Rekstrargrunnur, m.kr. | Rekstrar-framlög | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Fjárfestingar-framlög | Heildar-fjárheimild |
|---|---|---|---|---|---|
| **02 Dómstólar** | **15,0** | **0,0** | **0,0** | **-15,0** | **0,0** |
| 02.40 Dómstólasýslan | 15,0 | 0,0 | 0,0 | -15,0 | 0,0 |
| **03 Æðsta stjórnsýsla** | **28,2** | **-17,7** | **0,0** | **-10,5** | **0,0** |
| 03.10 Embætti forseta Íslands | 10,5 | 0,0 | 0,0 | -10,5 | 0,0 |
| 03.30 Forsætisráðuneyti | 17,7 | -17,7 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla** | **-130,0** | **0,0** | **0,0** | **130,0** | **0,0** |
| 05.10 Skattar og innheimta | -130,0 | 0,0 | 0,0 | 130,0 | 0,0 |
| **09 Almanna- og réttaröryggi** | **1,3** | **0,0** | **0,0** | **-1,3** | **0,0** |
| 09.30 Ákæruvald og réttarvarsla | 1,3 | 0,0 | 0,0 | -1,3 | 0,0 |
| **10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála** | **-7,0** | **0,0** | **0,0** | **7,0** | **0,0** |
| 10.50 Útlendingamál | -7,0 | 0,0 | 0,0 | 7,0 | 0,0 |
| **11 Samgöngu- og fjarskiptamál** | **17,0** | **0,0** | **0,0** | **-17,0** | **0,0** |
| 11.10 Samgöngur | 17,0 | 0,0 | 0,0 | -17,0 | 0,0 |
| **12 Landbúnaður** | **4,3** | **-4,3** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis | 4,3 | -4,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **16 Markaðseftirlit og neytendamál** | **-1,5** | **0,0** | **0,0** | **1,5** | **0,0** |
| 16.10 Markaðseftirlit og neytendamál | -1,5 | 0,0 | 0,0 | 1,5 | 0,0 |
| **17 Umhverfismál** | **0,0** | **-894,2** | **0,0** | **894,2** | **0,0** |
| 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla | 0,0 | -894,2 | 0,0 | 894,2 | 0,0 |
| **18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál** | **176,0** | **-141,0** | **0,0** | **-35,0** | **0,0** |
| 18.10 Safnamál | 35,0 | 0,0 | 0,0 | -35,0 | 0,0 |
| 18.20 Menningarstofnanir | 48,0 | -48,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 18.30 Menningarsjóðir | 93,0 | -93,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **20 Framhaldsskólastig** | **45,8** | **0,0** | **0,0** | **-45,8** | **0,0** |
| 20.10 Framhaldsskólar | 45,8 | 0,0 | 0,0 | -45,8 | 0,0 |
| **24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa** | **-320,0** | **320,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun | -320,0 | 320,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta** | **120,0** | **-120,0** | **160,0** | **-160,0** | **0,0** |
| 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými | 0,0 | 0,0 | 160,0 | -160,0 | 0,0 |
| 25.20 Endurhæfingarþjónusta | 120,0 | -120,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **26 Lyf og lækningavörur** | **-488,3** | **488,3** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| 26.10 Lyf | -371,3 | 371,3 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 26.30 Hjálpartæki | -117,0 | 117,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **29 Fjölskyldumál** | **-118,0** | **0,0** | **0,0** | **118,0** | **0,0** |
| 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn | -118,0 | 0,0 | 0,0 | 118,0 | 0,0 |
| **30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi** | **-75,0** | **0,0** | **0,0** | **75,0** | **0,0** |
| 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi | -50,0 | 0,0 | 0,0 | 50,0 | 0,0 |
| 30.20 Vinnumarkaður | -25,0 | 0,0 | 0,0 | 25,0 | 0,0 |
| **31 Húsnæðis-og skipulagsmál** | **-50,0** | **50,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| 31.10 Húsnæðismál | -50,0 | 50,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** | **-87,0** | **87,0** | **0,0** | **0,0** | **0,0** |
| 32.40 Stjórnsýsla félagsmála | -87,0 | 87,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Samtals | -869,2 | -231,9 | 160,0 | 941,1 | 0,0 |

Í umfjölluninni um einstaka málaflokka hér á eftir um helstu breytingar frumvarpsins er ekki gerð grein fyrir fyrrgreindum leiðréttingum heldur er þar fyrst og fremst fjallað um breytingar á sértækum útgjaldamálum málefnasviða og málaflokka, og eftir atvikum millifærslu fjárheimilda milli málefnasviða og málaflokka.

# 01 Alþingi

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 9,5 m.kr.

**01.10 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess**
Gerð er tillaga um að auka fjárheimild málaflokksins um 9,5 m.kr. vegna tveggja alþjóðlegra funda á Alþingi sem ekki var gert ráð fyrir í rekstraráætlun alþjóðastarfs og ekki var unnt að bregðast við innan málaflokksins. Annars vegar er gert ráð fyrir rúmlega 4,5 m.kr. vegna fundar stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins sem haldinn var samhliða leiðtogafundi Evrópuráðsins í maí 2023. Hins vegar barst beiðni frá flóttamannanefnd Evrópuráðsþingsins um að halda fund hérlendis 21.–22. september og er kostnaður vegna hans tæplega 5 m.kr.

# 02 Dómstólar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði óbreytt.

**02.20 Héraðsdómstólar**
Lagt er til að fjárheimildir til málaflokksins lækki um 10 m.kr. sem skýrist af millifærslu á málaflokk *02.30 Landsréttur* til að mæta fjölgun um einn Landsréttardómara, úr 15 í 16, í samræmi við breytingar á lögum um dómstóla.

**02.30 Landsréttur**
Lagt er til að fjárheimildir til málaflokksins verði auknar um 10 m.kr. sem millifærðar eru af málaflokki *02.20 Héraðsdómstólar* vegna fjölgunar Landsréttardómara.

# 04 Utanríkismál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 1.120,7 m.kr.

**04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála**
Gerð er tillaga um að fjárheimild málaflokksins hækki um 33,6 m.kr. vegna kostnaðar við útgáfu Schengen-áritana til Íslands skv. samningi Íslands við Danmörku fyrir árið 2019.

Sendiráð Íslands gefa út vegabréfsáritanir í tveimur löndum en á öðrum stöðum hafa verið gerðir fyrirsvarssamningar við 10 ríki um að sjá um afgreiðslu umsókna og útgáfu áritana í vegabréf. Á grundvelli þessa samninga geta erlendir ferðamenn sótt um vegabréfsáritun til Íslands í u.þ.b. 120 borgum víðs vegar um heim. Þegar Ísland gerðist aðili að Schengen-samstarfinu var árlegur fjöldi ferðamanna á bilinu 200–300 þúsund á ári. Árið 2018 voru ferðamenn orðnir 2,3 milljónir. Samhliða þessari gríðarlegu aukningu hafði umsóknum um Schengen-vegabréfsáritanir til Íslands fjölgað verulega og álag á þau ríki sem Ísland hefur gert samninga við um afgreiðslu umsókna aukist að sama skapi. Þetta álag lagðist að mestu á Dan-

mörku sem afgreiddi 87% allra umsókna sem afgreiddar voru af fyrirsvarsríkjum. Árið 2019 var gerð breyting á samningnum við Danmörku sem felur í sér greiðslu þóknunar skv. reiknireglu sem tekur mið af kostnaði tengt vinnslu áritana fyrir hverja vegabréfsáritun umfram 1.500 á hverjum umsóknarstað. Mikill dráttur hefur verið á því að Danmörk gerði Íslandi reikning vegna þessa og var m.a. borið við að uppgjörið fyrir árið 2019 tefðist vegna heimsfaraldurs Covid-19. Við undirbúning fjárlaga ársins lá ekki fyrir hvort Danmörk myndi gera kröfu um greiðslu en fyrr á árinu barst uppgjör sem Íslandi ber að greiða.

**04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál**

Lagt er til að framlag til málaflokksins hækki um 1.087 m.kr. vegna kaupa á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu í samræmi við ályktun Alþingis nr. 18/153 frá 31. maí sl.

Í samræmi við ályktunina var gengið frá kaupum á færanlegu neyðarsjúkrahúsi við eistneska varnarmálaráðuneytið um verkefnið með sama hætti og Holland, Noregur og Þýskaland hafa gert um sams konar sjúkrahús (Golden Hour Mobile Modular Hospital). Úkraína hefur nú þegar fengið þrjú sjúkrahús sömu tegundar sem hafa verið kostuð af fyrrgreindum ríkjum og hægt verður að samnýta þau eftir atvikum. Sjúkrahúsið samanstendur af 10 gámaeiningum sem mynda fullbúið sjúkrahús sem starfað getur sjálfstætt og án stuðnings svo dögum skiptir. Hægt er að haga uppröðun eininganna eftir þörfum á hverjum tíma og tengja við önnur sjúkrahús sömu gerðar. Gámarnir eru fluttir milli staða á 10 sérútbúnum hervörubílum með aldrif sem þýski herinn gaf til verkefnisins. Framkvæmda- og fjárhagsáætlanir hafa staðist og er stefnt að því að sjúkrahúsið verið afhent um miðjan nóvember nk. í samræmi við óskir Úkraínu. Heildarfjárhæðin sem greidd hefur verið nemur 7,4 milljónum evra og hefur öllu verið ráðstafað eins og samningar kveða á um.

# 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 147 m.kr.

**05.30 Fjárumsýsla ríkisins**

Gerð er tillaga um að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 640 m.kr. sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 322 m.kr. fari í tilhögun minni fjárfestinga og yfirfærslu á stofnanir frá Fjárföngum ehf.

Í tengslum við slit á félaginu Fjárföng ehf. og tilfærslu á eignarhaldi fjárfestinga til stofnana er lagt til að fjárfestingarheimild Umbru verði aukin um 322 m.kr. á árinu vegna fjárfestingar í málaskrárkerfi. Gert er ráð fyrir að rekstrargjaldaheimild verði lækkuð um jafna fjárhæð á næstu 3–5 árum í 2. umræðu fjárlaga 2024 svo áhrif á ríkissjóð verði engin. Nánari umfjöllun um slit Fjárfanga ehf. er í kafla *1.2 Útgjöld eftir málefnasviðum.*.

Í öðru lagi skýrist hækkun fjárheimildar málaflokksins af því að 298 m.kr. eru millifærðar af málaflokki *05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála* til að standa straum af kostnaði vegna Oracle-notendaleyfa vegna fjölgunar starfsfólks ríkisins og sjálfvirknivæðingar ferla. Við talningu á fjölda notenda í Orra kom í ljós að núverandi notendaleyfi duga ekki til og nauðsynlegt er að bæta við 1.500 leyfum. Heildarkostnaðurinn nemur 298 m.kr. sem skiptist í kaup á leyfum fyrir 264 m.kr. og greiðslu viðhaldsgjalda í ár fyrir 34 m.kr. Í þriðja lagi skýrist hækkunin af 20 m.kr. millifærslu af málaflokki *05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála* yfir á Ríkiskaup en gert er ráð fyrir að 15 m.kr. fari í að útbúa leiðbeiningar og verklag vegna gagnagreiningar ríkisstofnana og 5 m.kr. fari til að standa undir nýsköpunarmóti og nýsköpunardegi fyrir ríkisstofnanir.

**05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 493 m.kr. sem skýrist af fimm tilefnum. Í fyrsta lagi eru 298 m.kr. millifærðar á málaflokk *05.30 Fjárumsýsla ríkisins* til að fjármagna kaup á Oracle-notendaleyfum vegna fjölgunar starfsfólks ríkisins og sjálfvirknivæðingar ferla. Í öðru lagi eru 20 m.kr. færðar á Ríkiskaup sem er á sama málaflokki en gert er ráð fyrir að 15 m.kr. fari í að útbúa leiðbeiningar og verklag vegna gagnagreiningar ríkisstofnana og 5 m.kr. fari til að standa undir nýsköpunarmóti og nýsköpunardegi fyrir ríkisstofnanir. Í þriðja lagi eru 45 m.kr. millifærðar til Sjúkratrygginga Íslands á málaflokki *32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála* vegna undirbúnings endurnýjunar eldra kerfis. Í fjórða lagi eru 50 m.kr. millifærðar til embættis landlæknis á málaflokki *32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* vegna samræmingar þjónustu í heilsugæslu á landsvísu. Loks er í fimmta lagi millifærðar 80 m.kr. á málaflokk *18.10 Safnamál* sem notaðar verða til kaupa á hugbúnaðarlausnum til stafvæðingar Þjóðskjalasafns.

Árið 2022 var framkvæmd greining á eldri og mikilvægum upplýsingakerfum ríkisins. Í kjölfar greiningarinnar var ráðstafað fjármunum til þess að hefja fjárfestingu í eldri kerfum.

Stofnanir geta óskað eftir fjárfestingarframlagi að undangenginni umsókn á Ísland.is um helstu forsendur og ástæður umsóknar. Fjárfestingarframlögin eru millifærð af málaflokki 05.40 í þeim tilgangi.

# 08 Sveitarfélög og byggðamál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 2.013 m.kr.

**08.10 Framlög til sveitarfélaga**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 2.013 m.kr. vegna breytinga á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga m.v. nýja tekjuspá. Frá forsendum fjárlaga hafa áætlaðar innheimtar skatttekjur á greiðslugrunni aukist úr 1.021.832 m.kr. í 1.118.067 m.kr. og gert er ráð fyrir að álagningarstofn útsvars verði 2.116.573 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Annars vegar er framlag sem er 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs sem nemur þá 23.602 m.kr. og hins vegar framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs sem nemur þá 5.588 m.kr. Heildarframlög eru nú áætluð 29.190 m.kr. í stað 27.177 m.kr. skv. forsendum fjárlaga.

# 09 Almanna- og réttaröryggi

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 471,6 m.kr.

**09.10 Löggæsla**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukið um 115,7 m.kr. Í tengslum við slit á félaginu Fjárföng ehf. og tilfærslu á eignarhaldi fjárfestinga til stofnana er lagt til að fjárfestingarheimild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Vesturlandi verði aukin um 124 m.kr. á árinu vegna tilfærslu á eignarhaldi bifreiða frá Fjárföngum ehf. til stofnananna. Jafnframt er lagt til að rekstrargjaldaheimild ársins verði lækkuð um 8,3 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnanir hafi tekið við eignarhaldi bifreiða í september 2023. Gert er ráð fyrir að rekstrargjaldaheimild verði lækkuð næstu fjögur ár í 2. umræðu fjárlaga 2024 til að vega á móti aukinni fjárfestingarheimild svo áhrif á ríkissjóð verði engin. Nánari umfjöllun um slit Fjárfanga ehf. er í kafla 1.2

### 09.20 Landhelgi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 235,9 m.kr. til að styrkja rekstur Landhelgisgæslunnar á árinu 2023. Ráðstafanir til að tryggja rekstur stofnunarinnar gengu ekki eftir á árinu en m.a. var lagt til að selja eftirlitsflugvélina TF-SIF til að mæta rekstrarvanda en fallið var frá þeim áformum. Unnið er að styrkingu rekstursins til lengri tíma og var m.a. skipaður starfshópur til að rýna rekstur og starfsemi stofnunarinnar. Niðurstaða hópsins var m.a. sú að ekki er unnt að leysa rekstrarvanda stofnunarinnar á skömmum tíma eða á einfaldan hátt.

### 09.40 Réttaraðstoð og bætur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 120 m.kr. til að mæta uppgjöri á sanngirnisbótum til þeirra sem urðu fyrir misgjörðum á stofnunum fyrir fötluð börn. Fjárheimild var veitt í fjárlögum 2021 vegna málsins en ekki náðist að ljúka öllum útgreiðslum á því ári. Fjárheimildin féll niður í árslok 2021 en uppgjöri var ekki lokið. 120 m.kr. uppgjör fór fram á árinu 2023 sem nú er lagt til að verði mætt með auknum fjárheimildum.

### 09.50 Fullnustumál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins haldist óbreytt en að nýtingu þess verði breytt frá fyrri ákvörðun. Í fjárlögum yfirstandandi árs er til staðar fjárheimild vegna viðhaldsframkvæmda á Litla-Hrauni. Nú er lagt til að breyta nýtingu þess framlags þannig að það verði nýtt til undirbúnings byggingar nýs fangelsis í ljósi þess að um hagkvæmri kost er að ræða. Áætlaður kostnaður endurbóta er hærri en áður var gert ráð fyrir vegna slæms ástands húsnæðisins. Málið verður skoðað við gerð fjármálaáætlunar 2025–2029 þar sem gert verður ráð fyrir breyttri forgangsröðun á þegar samþykktum framkvæmdum sem og beiðni um viðbótarfjárheimild á síðari hluta áætlunarinnar.

## 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 450 m.kr.

### 10.50 Útlendingamál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 450 m.kr. til að mæta kostnaði vegna aukins umfangs vinnu vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þar af eru 265 m.kr. vegna aukins kostnaðar við talsmannaþjónustu umsækjenda um alþjóðlega vernd og 185 m.kr. vegna fjölgunar starfsmanna á verndarsviði og hjá kærunefnd útlendingamála til styttingar málsmeðferðartíma.

# 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 603 m.kr.

**11.10 Samgöngur**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 500 m.kr. til að styrkja þjónusturekstur vegakerfisins. Veturinn 2022 var óvenju snjóþungur sem leiddi til þess að 772 m.kr. halli var á liðnum í árslok. Snjóþungi var einnig mikill á fyrstu mánuðum ársins 2023 og í stað þess að vinna niður uppsafnaðan halla stefnir í tvöföldun hallans í árslok að óbreyttu.

**11.20 Fjarskipti**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 103 m.kr. til að fjármagna alþjónustu í pósti. Íslandspóstur er útnefndur alþjónustuveitandi skv. lögum um póstþjónustu og skal þá veita lágmarksþjónustu sem notendum póstþjónustu skal standa til boða á jafnræðisgrundvelli. Byggðastofnun er skv. sömu lögum eftirlitsaðili á sviði póstmála og skal taka á móti og fjalla um umsóknir útnefnds alþjónustuveitanda um endurgjald vegna kostnaðar sem hann telur að skylda þess að veita alþjónustu hafi í för með sér. Ákvörðun um alþjónustubyrði ársins 2022 sem kemur til greiðslu á árinu 2023 liggur nú fyrir og nemur hún 655 m.kr. Fjárheimild ársins nemur 562 m.kr. og er því lagt til að mæta þeim mismun sem eftir stendur.

# 17 Umhverfismál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 1.435,3 m.kr.

**17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukin um 85,3 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar skýrist hækkunin af 50 m.kr. millifærslu af málaflokki *17.50 Stjórnsýsla umhverfismála* til Vatnajökulsþjóðgarðar til að mæta kostnaði vegna heimsfaraldurs kórónuveiru sem féll til á árinu 2022.

Hins vegar tengist hækkunin því að við slit á félaginu Fjárföng ehf. og tilfærslu á eignarhaldi fjárfestinga til stofnana er lagt til að fjárfestingarheimild Skógræktarinnar verði aukin um 37,8 m.kr. á árinu vegna tilfærslu á eignarhaldi bifreiða frá Fjárföngum ehf. til stofnunarinnar. Jafnframt er lagt til að rekstrargjaldaheimild ársins verði lækkuð um 2,5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnanir hafi tekið við eignarhaldi bifreiða í september 2023. Gert er ráð fyrir að rekstrargjaldaheimild verði lækkuð næstu fjögur ár í 2. umræðu fjárlaga 2024 til að vega á móti aukinni fjárfestingarheimild svo áhrif á ríkissjóð verði engin. Nánari umfjöllun um slit Fjárfanga ehf. er í kafla 1.2.

**17.50 Stjórnsýsla umhverfismála**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 1.350 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins aukist um 1.400 m.kr. Um er að ræða gjaldfærslu loftslagsheimilda vegna skuldbindinga Íslands í loftslagmálum. Jafnframt er sama fjárhæð færð til tekna sem nemur verðmæti losunarheimildanna. Áætlað er að Ísland noti loftslagsheimildir sem nema 125 þús. tonnum á árinu 2023 sem eru í eigu íslenska ríkisins. Áætlað verð á hverju tonni er um 80 evrur. Þessi bók

haldslega meðferð loftslagsheimilda er liður í því að gera skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum sýnilegar til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Um er að ræða skuldajöfnun á móti heimildum sem hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Í öðru lagi eru 50 m.kr. millifærðar af málaflokknum á Vatnajökulsþjóðgarð á málaflokki *17.10 Stjórnsýsla umhverfismála* til að mæta kostnaði vegna heimsfaraldurs kórónuveiru sem féll til á árinu 2022.

# 18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 871,1 m.kr.

**18.10 Safnamál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 153,8 m.kr. sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi eru 80 m.kr. millifærðar af málaflokki *05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála* á málaflokkinn vegna stafrænna umbreytinga Þjóðskjalasafnsins.

Í öðru lagi eru 175 m.kr. millifærðar af málaflokknum á málaflokk *18.20 Menningarstofnanir* vegna kostnaðar við endurnýjun á sviðsbúnaði hjá Þjóðleikhúsinu.

Í þriðja lagi eru 54,4 m.kr. millifærðar af málaflokknum á *18.20 Menningarstofnanir* til að fjármagna útgefin vilyrði Kvikmyndasjóðs.

**18.20 Menningarstofnanir**

Gerð er tillaga um að auka fjárheimild málaflokksins um 762,6 m.kr. sem skýrist af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi er lagt til að veita 678,2 m.kr. viðbótarfjármagn vegna byggingar Eddu, húss íslenskunnar. Um er að ræða lokauppgjör vegna byggingarinnar en framkvæmdin reyndist kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir, m.a. vegna hækkunar á byggingarkostnaði og seinkunar á framkvæmdum síðustu mánaða vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heildarkostnaður við framkvæmdina nemur 7,6 ma.kr. og er framkvæmdin fjármögnuð með þeim hætti að ríkissjóður greiðir 70% og Háskóli Íslands greiðir 30% með framlagi frá Happdrætti Háskóla Íslands.

Í öðru lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 95,6 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *18.30 Menningarsjóðir* sem rennur til Kvikmyndasjóðs vegna útgefinna greiðsluvilyrða á árinu 2023.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 15 m.kr. auknu framlagi til reksturs Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tengslum við breytingar sem gerðar voru á stofnanasamningi stofnunarinnar.

Í fjórða lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 10 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *18.30 Menningarsjóðir* til að styðja við myndlistarstefnu.

**18.30 Menningarsjóðir**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði hækkað um 240 m.kr. sem skýrist af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir aukinni fjárheimild upp á 80 m.kr. til stuðnings við bókaútgáfu á íslensku í samræmi við þegar samþykktar umsóknir um endurgreiðslu. Hefur útgáfa bóka á íslensku reynst mun meiri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Vakin er athygli á því að í fjárlagafrumvarpi 2024 er gert ráð fyrir 65,8 m.kr. hækkun fjárveitinga.

Í öðru lagi stafar hækkunin af 54,4 m.kr. millifærslu af *18.10 Safnamál* á málaflokkinn sem fer til Kvikmyndasjóðs vegna útgefinna vilyrða til greiðslu á árinu 2023.

Í þriðja lagi eru 95,6 m.kr. millifærðar á málaflokkinn af málaflokki *18.20 Menningarstofnanir* sem sömuleiðis renna til Kvikmyndasjóðs vegna útgefinna greiðsluvilyrða á árinu 2023.

Í fjórða lagi er lagt til að millifæra 10 m.kr. af málaflokki *18.20 Menningarstofnanir* til að styðja við myndlistarstefnu.

**18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukið um 22,3 m.kr. vegna hækkunar á húsaleigu í kjölfar flutninga menningar- og viðskiptaráðuneytis í annað húsnæði. Við uppskiptingu ráðuneyta var ráðuneytinu gert að flytja og var húsaleigan á nýjum stað hærri en áður sem ekki er unnt að mæta innan málaflokksins.

# 20 Framhaldsskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 281 m.kr.

**20.10 Framhaldsskólar**

Gerð er tillaga um 281 m.kr. aukningu á fjárheimild til málaflokksins sem skýrist af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 218 m.kr. fari til framhaldsskólanna vegna fjölgunar nemenda á starfsbraut. Undanfarin ár hefur nemendum á starfsbrautum fjölgað og hafa fleiri starfsbrautir verið stofnaðar. Búast má við áframhaldandi fjölgun nemenda á starfsbrautum miðað við þann fjölda nemenda sem nú eru á síðasta ári í grunnskóla. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að 63 m.kr. vegna leigu verði færðar til Fjölbrautaskóla Suðurlands vegna flutnings á húsnæði Garðyrkjuskólans til Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseignir (FSRE). Fyrir flutning frá Landbúnaðarháskólanum var ekki greidd leiga. Tillagan er tvíþætt en gert er ráð fyrir að 45%, eða 28 m.kr., af leigunni séu bætt líkt og gert var vegna innleiðingar markaðsleigu á húsnæði í eigu ríkisins sem er í umsýslu FSRE við 3. umræðu fjárlaga ársins 2019. Síðari hluti tillögunnar felur í sér beiðni um 35 m.kr. fjárveitingu sem er vegna þess hlutar sem fellur fyrir utan markaðsleigufyrirkomulagið. Fjárveitingar eru ekki til staðar fyrir þann hluta hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu og leiðir annars til rekstrarvanda skólans. Samkomulag við flutning milli ráðuneyta náði til fjárveitingar vegna náms og kennslu.

# 21 Háskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 290,6 m.kr.

**21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi**

Lagt er til að veita 290,6 m.kr. viðbótarfjármagn til málaflokksins vegna byggingar Eddu, húss íslenskunnar og greiðist þessi hluti framkvæmdarinnar af Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ). Á framkvæmdatímanum var búið að tryggja fjármögnun að fjárhæð 6,7 ma.kr. Mismunurinn sem um ræðir felst í hærri verðbótum á framkvæmdatímanum en gert hafði verið ráð fyrir ásamt töfum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þá voru aukaverk og magnbreytingar stærri og meiri en áætlað var. Framkvæmdin í heild sinni er fjármögnuð með þeim hætti að ríkissjóður greiðir 70% og HÍ greiðir 30% með framlagi frá HHÍ.

# 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 15,4 m.kr.

**22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 15,4 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar er gert ráð fyrir að veita 11 m.kr. framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra vegna frestunar á málstefnu um íslenskt táknmál, frestunar á endurskoðun gjaldskrár stofnunar og fleiri ófyrirséðra atvika. Hins vegar er gert ráð fyrir að 4,4 m.kr. verði millifærðar af málaflokki *18.10 Safnamál*, fjárfestingarheimild af stofnkostnaði safna yfir á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra til að leiðrétta halla á fjárfestingarlið stofnunar frá fyrri árum vegna heimsfaraldurs en stofnunin þurfti þá að leggjast í kaup á tölvum og búnaði fyrir allt starfsfólk til að það gæti starfað á tímum heimsfaraldursins.

# 23 Sjúkrahúsþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 1.128,2 m.kr.

**23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta**

Lagt er til að framlag til málaflokksins lækki um 102,8 m.kr. sem skýrist af eftirtöldum tilefnum.

Í fyrsta lagi eru millifærðar á málaflokkinn 164 m.kr. af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna aðgerða sem tengjast félags- og heilsufarslegum afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Í öðru lagi hækkar fjárheimild málaflokksins um 2,5 m.kr. sem millifærðar eru af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands til Sjúkrahússins á Akureyri vegna lyfja og annars rekstrarbúnaðar í sjúkrabifreiðar. Talið er betra að hafa fjármagn vegna reksturs sjúkrabifreiða á einni hendi á Norðurlandi í staðinn fyrir að skipta því á milli tveggja stofnana.

Í þriðja lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 76 m.kr. vegna millifærslu á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna leghálsskimana.

Í fjórða lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 12 m.kr. vegna millifærslu á embætti landlæknis í málaflokki *32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* vegna breytinga á vöruhúsi gagna og sérhæfðrar hugbúnaðarvinnu sem er nauðsynleg vegna uppgjörs framleiðslutengdrar fjármögnunar á sjúkrahúsþjónustu.

Í fimmta lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 101 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta*. Í fjárlögum 2023 var fjárveiting sem gert var ráð fyrir að notuð yrði til að bregðast við álagi á heilbrigðisstofnunum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Millifærslan er hluti þeirrar fjárheimildar.

Í sjötta lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 100 m.kr. vegna millifærslu á Heyrnar- og talmeinastöð á málaflokki *24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.* Stofnunin hefur glímt við fjárhagsvanda undanfarin ár. Ástæða þess er m.a. sú að fjármögnun er að hluta með rekstrartekjum sem ekki hafa þróast í samræmi við útgjöld á undanförnum árum.

Í sjöunda lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 50 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* sem fjárveiting til Lyfjastofnunar. Töluverðar blikur eru á lofti varðandi rekstur stofnunarinnar og stendur hún frammi fyrir verulegum fjárhagslegum áskorunum.

Áttunda tilefnið er vegna slita á félaginu Fjárföng ehf. og tilfærslu á eignarhaldi fjárfestinga til stofnana. Lagt er til að fjárfestingarheimild Landspítala verði aukin um 74,7 m.kr. á árinu vegna tilfærslu á eignarhaldi bifreiða frá Fjárföngum ehf. til stofnunarinnar. Jafnframt er lagt til að rekstrargjaldaheimild ársins verði lækkuð um 5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnanir hafi tekið við eignarhaldi bifreiða í september 2023. Gert er ráð fyrir að rekstrargjaldaheimild verði lækkuð næstu fjögur ár í 2. umræðu fjárlaga 2024 til að vega á móti aukinni fjárfestingarheimild svo áhrif á ríkissjóð verði engin. Nánari umfjöllun um slit Fjárfanga ehf. er í kafla 1.2.

**23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 189 m.kr. sem stafar af tveimur millifærslum. Annars vegar eru millifærðar 101 m.kr. af málaflokki *23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta.* Í fjárlögum 2023 var fjárveiting sem gert var ráð fyrir að notuð yrði til að bregðast við álagi á heilbrigðisstofnunum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Millifærslan er hluti þeirrar fjárheimildar.

Hins vegar eru 88 m.kr. millifærðar af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna flutnings endurhæfingardeildar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða af heilsugæslusviði yfir á sjúkrasvið. Skipulagsbreytingin var gerð árið 2021 og viðhlítandi breytingar gerðar í bókhaldi stofnunarinnar án þess að breyting væri gerð á fjárheimildum málaflokka.

**23.30 Erlend sjúkrahúsþjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.042 m.kr. til að mæta fyrirsjáanlegum hallarekstri sjúkratryggingaliða vegna umframeftirspurnar í þjónustu sem greidd er af Sjúkratryggingum Íslands. Í fyrsta lagi er lagt til að auka fjárheimild málaflokksins um 242 m.kr. Í öðru lagi stafar hækkun málaflokksins af 800 m.kr. millifærslu af málaflokki *24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.* Um er að ræða færslu á milli liða sjúkratrygginga miðað við nýtingu þeirra á árinu. Með þessu er verið að styrkja þá sjúkratryggingaliði sem horfur eru á að verði umfram fjárveitingar á kostnað þeirra sem hafa rúmar heimildir.

# 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði lækkuð um 1.911,6 m.kr.

**24.10 Heilsugæsla**

Lagt er til að framlag til málaflokksins lækki um 801,6 m.kr. sem skýrist af eftirtöldum tilefnum.

Í fyrsta lagi lækkar fjárheimildin vegna tveggja millifærsla á málaflokk *23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta.* Annars vegar er 164 m.kr. millifærsla vegna aðgerða sem tengjast félags- og heilsufarslegum afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveiru. Hins vegar eru 2,5 m.kr. millifærðar á Sjúkrahúsið á Akureyri af Heilbrigðisstofnun Norðurlands vegna lyfja og annars rekstrarbúnaðar í sjúkrabifreiðar. Talið var betra að hafa fjármagn vegna reksturs sjúkrabifreiða á einni hendi á Norðurlandi í staðinn fyrir að skipta því á milli tveggja stofnana. Sjúkrahúsið á Akureyri tekur því alveg yfir fjármögnun á þessum þætti.

Í öðru lagi er gerð tillaga um að millifæra 76 m.kr. af *23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta* á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna leghálsskimana.

Í þriðja lagi er lagt til að lækka fjárheimild málaflokksins um 117 m.kr. sem millifærðar eru á málaflokk *24.10 Heilsugæsla* vegna hækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga til kaupa á hjálpartækjum. Annars vegar er gert ráð fyrir 92 m.kr. til að kaupa hjálpartæki fyrir fötluð börn

sem búa á tveimur heimilum og hins vegar er gert ráð fyrir 25 m.kr. til kaupa á hjálpartækjum á hjúkrunarheimilum.

Í fjórða lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 40 m.kr. vegna hækkunar á samningi við Brunavarnir Suðurnesja til að mæta fjölgun flutninga og auknu álagi.

Í fimmta lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 50 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun* vegnar hækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við uppsetningu frystra fósturvísa.

Í sjötta lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 520 m.kr. vegna hækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlækningum. Annars vegar er um að ræða 250 m.kr. vegna greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði barna og hins vegar 270 m.kr. vegna greiðsluþátttöku vegna tannlækninga lífeyrisþega en greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í tannlækningum lífeyrisþega hækkaði í 69% á árinu.

Í sjöunda lagi lækkar fjárheimild málaflokksins um 7,5 m.kr. vegna millifærslu til embættis landlæknis á málefnasviði *32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* til að koma á fót miðlægum lyfjakortum. Sjá nánari skýringu undir þeim málaflokki.

Í áttunda lagi lækkar fjárheimild til málaflokksins um 88 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *23.20 Almenn sjúkrahúsþjónusta* vegna flutnings endurhæfingardeildar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða af heilsugæslusviði yfir á sjúkrasvið árið 2021. Skipulagsbreytingin var gerð árið 2021 og viðhlítandi breytingar gerðar í bókhaldi stofnunarinnar án þess að breyting væri gerð á fjárheimildum málaflokka.

Níunda tilefnið er vegna slita á félaginu Fjárföng ehf. og tilfærslu á eignarhaldi fjárfestinga til stofnana. Lagt er til að fjárfestingarheimild Heilbrigðisstofnunar Suðurlands verði aukin um 119,3 m.kr. á árinu vegna tilfærslu á eignarhaldi bifreiða frá Fjárföngum ehf. til stofnunarinnar. Jafnframt er lagt til að rekstrargjaldaheimild ársins verði lækkuð um 7,9 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnanir hafi tekið við eignarhaldi bifreiða í september 2023. Gert er ráð fyrir að rekstrargjaldaheimild verði lækkuð næstu fjögur ár í 2. umræðu fjárlaga 2024 til að vega á móti aukinni fjárfestingarheimild svo áhrif á ríkissjóð verði engin. Nánari umfjöllun um slit Fjárfanga ehf. er í kafla 1.2.

**24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 150 m.kr. sem skýrist af eftirtöldum tilefnum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 1.200 m.kr. lækkun vegna millifærslu fjárheimilda á liðum sjúkratrygginga miðað við nýtingu þeirra á árinu. Um er að ræða færslu á milli liða sjúkratrygginga miðað við nýtingu þeirra á árinu. Með þessu er verið að styrkja þá sjúkratryggingaliði sem horfur eru á að verði umfram fjárveitingar á kostnað þeirra sem hafa rúmar heimildir.

Í öðru lagi er lagt til að hækka fjárheimild málaflokksins um 472 m.kr. vegna tannlækninga lífeyrisþega. Aukin kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga í kostnaði vegna lífeyrisþega ræður miklu um hækkun kostnaðar á þessu ári. Kostnaðaraukinn er meiri en fyrirséð var í ársbyrjun.

Í þriðja lagi eru millifærðar 520 m.kr. af málaflokki *24.10 Heilsugæsla*, en greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í tannlækningum lífeyrisþega hækkaði í 69% á árinu.

Í fjórða lagi eru millifærðar 308 m.kr. af málaflokki *24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun*. Um er að ræða færslu á milli liða sjúkratrygginga miðað við nýtingu þeirra á árinu. Með þessu er verið að styrkja þá sjúkratryggingaliði sem horfur eru á að verði umfram fjárveitingar á kostnað þeirra sem hafa rúmar heimildir.

Í fimmta lagi er lagt til að millifæra 50 m.kr. á málaflokkinn af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegnar hækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við uppsetningu frystra fósturvísa.

**24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun**

Gerð er tillaga um að lækka fjárheimild málaflokksins um 1.300 m.kr. sem skýrist af eftirtöldum tilefnum.

Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. vegna millifærslu á Heyrnar- og talmeinastöð af málaflokki *23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta*, sbr. umfjöllun um þann málaflokk. Þá eru millifærðar samtals 1.400 m.kr. af málaflokknum til annarra sjúkratryggingaliða. Um er að ræða færslu á milli liða sjúkratrygginga miðað við nýtingu þeirra á árinu. Með þessu er verið að styrkja þá sjúkratryggingaliði sem horfur eru á að verði umfram fjárveitingar á kostnað þeirra sem hafa rúmar heimildir. Annars vegar eru millifærðar 800 m.kr. á málaflokk *23.30 Erlend sjúkrahúsþjónusta*. Hins vegar eru millifærðar 600 m.kr. á málaflokk *26.30 Hjálpartæki*.

**24.40 Sjúkraflutningar**

Gerð er tillaga um að auka fjárheimild málaflokksins um 40 m.kr. með millifærslu af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna samnings við Brunavarnir Suðurnesja til að mæta fjölgun flutninga og auknu álagi.

# 26 Lyf og lækningavörur

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði hækkuð um 2.888 m.kr.

**26.10 Lyf**

Lagt er til að fjárheimild til málaflokksins verði aukin um 2.479 m.kr. til að vega upp útgjöld umfram fjárveitingar til almennra lyfja. Samkvæmt ársáætlun Sjúkratrygginga Íslands er fyrirsjáanlegt að samsvarandi halli verði á tryggingaliðnum almenn lyf. Hækkun felst annars vegar í 1.279 m.kr. auknum nýjum heimildum og hins vegar 1.200 m.kr. millifærslu af málaflokki *24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun*.

Aukinn kostnað má aðallega rekja til of mikils vaxtar í ákveðnum lyfjaflokkum og í kostnaðarsömum lyfjum, einkum þyngdarstjórnunarlyfjum, ADHD-lyfjum og mígrenilyfjum. Einnig hefur lækkandi greiðsluþátttaka einstaklinga haft áhrif þar sem fjárhæðir í lyfjagreiðslukerfi hafa ekki fylgt verðlagsþróun undanfarin ár. Þá hefur hækkun smásöluálagningar haft áhrif á þessa þróun. Að lokum hafa umsóknir um lyfjaskírteini aldrei verið meiri. Á fyrstu mánuðum ársins mældist 33% aukning frá fyrra ári. Með lyfjaskírteinum er gefin heimild til að nota lyf sem almennt eru dýrari en annars væri.

**26.20 Hjálpartæki**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 409 m.kr. Í fyrsta lagi skýrist hækkunin af 117 m.kr. millifærslu af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna hækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga til kaupa á hjálpartækjum fyrir fötluð börn sem búa á tveimur heimilum og til kaupa á hjálpartækjum á hjúkrunarheimilum. Hins vegar eru millifærðar 292 m.kr. af málaflokki *24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun* vegna væntanlegra umframútgjalda málaflokksins á árinu en millifært er af málaflokki sem hefur rúmar fjárheimildir skv. áætlunum Sjúkratrygginga Íslands.

# 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 2.087 m.kr.

**27.30 Málefni fatlaðs fólks**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukið um 37 m.kr. sem skýrist af millifærslu af málaflokki *30.20 Vinnumarkaður*. Um er að ræða útgjaldasvigrúm félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins sem gert er ráð fyrir að nýta til eflingar á hlutverki Réttindagæslu fatlaðs fólks.

**27.40 Aðrar örorkugreiðslur (önnur velferðarmál, lífeyristrygging)**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði hækkað um 2.050 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar er gerð tillaga um 1.600 m.kr. framlag vegna skattfrjálsrar og sértækrar eingreiðslu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem kemur til viðbótar hefðbundnum orlofs- og desemberuppbótum lífeyrisþega og viðbótar 2,5% hækkun bóta á miðju þessu ári. Undanfarin ár hefur verið tekin sérstök ákvörðun um eingreiðslur í desember til þessa hóps m.a. í kórónuveirufaraldrinum til að verja hag þeirra verst settu. Þar sem heildarendurskoðun á örorkulífeyriskerfinu er ekki lokið er lagt til að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar fái einnig eingreiðslu í desember á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að fjárhæð eingreiðslunnar hækki um 7,4% í samræmi við hækkun bóta lífeyristrygginga 1. janúar sl. og aftur um 2,5% í samræmi við hækkun bóta lífeyristrygginga 1. júlí sl. og mun fjárhæð hennar því nema 66.381 kr. á árinu 2023.

Hins vegar er gert ráð fyrir að framlag til óreglulegra greiðslna lífeyris almannatrygginga hækki um 450 m.kr. vegna einskiptisleiðréttinga í kjölfar Hæstaréttardóms um að ekki skuli reikna framfærsluuppbót í sama hlutfalli og áunnin réttindi til lífeyris. Gert hafði verið ráð fyrir 2,5 ma.kr. greiðslum vegna þessa á árinu 2022 en ekki tókst að ljúka uppgjörinu og því færðust um 500 m.kr. greiðslur vegna þessa yfir á árið 2023 og fjárvöntun málaflokksins er um 450 m.kr.

# 29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði lækkuð um 53,8 m.kr.

**29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukið um 15,9 m.kr. Í tengslum við slit á félaginu Fjárföng ehf. og tilfærslu á eignarhaldi fjárfestinga til stofnana er lagt til að fjárfestingarheimild Barna- og fjölskyldustofu verði aukin um 17 m.kr. á árinu vegna tilfærslu á eignarhaldi bifreiða frá Fjárföngum ehf. til stofnunarinnar. Jafnframt er lagt til að rekstrargjaldaheimild ársins verði lækkuð um 1,1 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að stofnanir hafi tekið við eignarhaldi bifreiða í september 2023. Gert er ráð fyrir að rekstrargjaldaheimild verði lækkuð næstu fjögur ár í 2. umræðu fjárlaga 2024 til að vega á móti aukinni fjárfestingarheimild svo áhrif á ríkissjóð verði engin. Nánari umfjöllun um slit Fjárfanga ehf. er í kafla 1.2.

**29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði lækkað um 69,7 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *30.10 Vinnumál og atvinnuleysi* í tengslum við flutning Fjölmenningarseturs til Vinnumálastofnunar sem átti sér stað í apríl sl.

# 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 350,5 m.kr.

**30.10 Vinnumál og atvinnuleysi**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukið um 569,7 m.kr. sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 450 m.kr. aukningu vegna endurmats á útgjöldum Ábyrgðasjóðs launa sem er 47% hækkun frá fjárlögum 2023. Að auki lækka rekstrartekjur sjóðsins um 93 m.kr. sem kallar á aukin framlög úr ríkissjóði vegna áætlaðra tekna sem munu ekki skila sér til sjóðsins frá þrotabúum. Umtalsverð fjölgun hefur orðið á gjaldþrotum fyrirtækja frá fyrra ári. Fyrstu átta mánuði ársins eru þau 922 talsins, sem er rúmlega 280% fjölgun frá sama tímabili ársins 2022. Einnig eru innborganir úr þrotabúum talsvert minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 69,7 m.kr. millifærslu af málaflokki *29.7 Málefni innflytjenda og flóttamanna* vegna flutnings Fjölmenningarseturs til Vinnumálastofnunar sem átti sér stað í apríl sl.

Í þriðja lagi eru 50 m.kr. millifærðar á málaflokkinn af málaflokki *30.20 Vinnumarkaður* til að mæta kostnaði vegna áframhaldandi fjárfestinga í upplýsingakerfum Vinnumálastofnunar.

**30.20 Vinnumarkaður**

Lagt er til að framlag til málaflokksins lækki um 219,2 m.kr. sem skýrist af fimm millifærslum.

Í fyrsta lagi eru 50 m.kr. millifærðar af málaflokknum á málaflokk *30.10 Vinnumál og atvinnuleysi* til að mæta kostnaði vegna áframhaldandi fjárfestinga í upplýsingakerfum Vinnumálastofnunar.

Aðrar millifærslur eru teknar af útgjaldasvigrúmi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Þannig eru 50 m.kr. millifærðar af málaflokknum á málaflokk *32.40 Stjórnsýsla félagsmála* og rennur framlagið til félagasamtaka vegna verkefna og starfsemi sem heyrir undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Þá eru 37 m.kr. millifærðar af málaflokknum til Réttindagæslu fatlaðs fólks á málaflokki *27.30 Málefni fatlaðs fólks* en gert er ráð fyrir að nýta framlagið til eflingar á hlutverki stofnunarinnar. Því næst eru 37,2 m.kr. millifærðar af málaflokknum á málaflokk *32.40 Stjórnsýsla félagsmála* sem notaðar verða til að styrkja starfsemi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Loks eru 45 m.kr. millifærðar af málaflokknum yfir á aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins á málaflokki *32.40 Stjórnsýsla félagsmála* en gert er ráð fyrir að nýta fjárheimildina í verkefni sem lúta m.a. að því að draga úr fjarveru á vinnumarkaði og efla stuðningsúrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu ásamt því að stuðla að heilsusamlegri vinnustöðum.

# 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 520 m.kr.

**31.10 Húsnæðismál**

Lagt er til að framlag til málaflokksins hækki um 520 m.kr. en gert er ráð fyrir að auka stofnframlög í samræmi við markmið stjórnvalda um að styðja við uppbyggingu leiguíbúða fyrir tekjulága. Fyrri úthlutun stofnframlaga að upphæð 3.051 m.kr. hefur farið fram og

umsóknir fyrir síðari úthlutun liggja fyrir að fjárhæð 2.479 m.kr. Fjárheimild ársins nam 1,7 ma.kr. og uppsöfnuð fjárheimild frá fyrri árum nam 2,8 ma.kr. Samtals verður því úthlutað um 5 ma.kr. í stofnframlög á árinu 2023.

Ríkisstjórnin ákvað að auka stuðning til uppbyggingar leiguíbúða innan almenna íbúðakerfisins á miðju ári 2023 sem og að rýmka skilyrði hlutdeildarlána. Þá var gert ráð fyrir að tæplega 800 íbúðir yrðu byggðar á árinu 2023 með stofnframlögum og hlutdeildarlánum. Með aukningu stofnframlaga um 520 m.kr. munu þær áætlanir standast.

# 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 311,7 m.kr.

**32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit**

Lagt er til að framlag til málaflokksins hækki um 134,5 m.kr. sem skýrist af eftirtöldum tilefnum:

Í fyrsta lagi eru 50 m.kr. millifærðar af málaflokki *05.40 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla* til að samræma þjónustu í heilsugæslu á landsvísu. Á Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) er unnið að því að samræma þjónustu í heilsugæslu á landsvísu fyrir fólk með langvinnan heilsuvanda og aldraða. Embætti landlæknis kemur að þeirri vinnu með greiningu og hönnun á rafrænum lausnum (sjúkraskrá) og upplýsingatækni sem styðja við þjónustu fyrir þessa markhópa.

Í öðru lagi hækkar fjárheimild málaflokksins um 50 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki *23.10 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta* til Lyfjastofnunar til að styrkja rekstur stofnunarinnar.

Í þriðja lagi hækkar fjárheimild málaflokksins um 12 m.kr. vegna millifærslu á embætti landlæknis af málaflokki *23.10 Sérhæfð sjúkraþjónusta* vegna breytinga á vöruhúsi gagna og sérhæfðrar hugbúnaðarvinnu sem er nau.ðsynleg vegna uppgjörs á framleiðslutengdri fjármögnun sjúkrahúsþjónustu.

Í fjórða lagi er millifærsla á embætti landlæknis, 7,5 m.kr., af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna innleiðingar á miðlægum lyfjakortum.

Í fimmta lagi er lagt til að hækka fjárheimildina um 15 m.kr. til Geislavarna ríkisins sem til er komin vegna nýrra verkefna sem stofnunin þurfti að byrja að sinna á árinu en ekki lágu fyrir við undirbúning gildandi fjárlaga. Um er ræða kostnað vegna nýs stöðugildis sérfræðings. Snemma árs tók ríkisstjórnin ákvörðun um að heimila kafbátum frá Bandaríkjunum að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnarmeðlimum. Þessar þjónustuheimsóknir kalla á vöktun, viðbúnað og áætlanir um viðbrögð umfram það sem verið hefur. Nauðsynlegt var að ráða í nýtt stöðugildi sérfræðings frá og með 1. apríl 2023, auk þess sem aflað var sérhæfðs hugbúnaðarkerfis (ARGOS-kerfi). Árlegur kostnaður er áætlaður 20 m.kr.

**32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála**

Lagt er til að framlag til málaflokksins hækki um 45 m.kr. sem skýrist af millifærslu til Sjúkratrygginga Íslands af málaflokki *05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla* vegna undirbúnings á endurnýjun upplýsingatæknikerfa stofnunarinnar. Greining á arfleifðarkerfum hins opinbera hefur leitt í ljós að mikilla úrbóta er þörf á kjarnakerfum Sjúkratrygginga Íslands. Að skipta út núverandi kerfum tekur um fimm ár og heildarkostnaður á núverandi verðlagi miðað við fyrstu kostnaðaráætlun hljóðar upp á ríflega 1,2 ma.kr. Gert er ráð fyrir að veita framlag til að hefja undirbúningsvinnu við umbreytingu á kerfunum en framlagið hefur ekki í

för með sér skuldbindingu um áframhaldandi vinnu. Gert er ráð fyrir að stofnunin vinni náið með Stafrænu Íslandi og Ríkiskaupum að undirbúningi verkefnisins.

**32.40 Stjórnsýsla félagsmála**

Lagt er til að framlag til málaflokksins hækki um 132,2 m.kr. Um er að ræða þrjár millifærslur af málaflokki *30.20 Vinnumarkaður* sem teknar eru af útgjaldasvigrúmi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Sú fyrsta er 50 m.kr. millifærsla og rennur framlagið til félagasamtaka vegna verkefna og starfsemi sem heyrir undir málefnasvið félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Næst er það 37,2 m.kr. millifærsla sem notuð verður til að styrkja starfsemi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Loks er það 45 m.kr. millifærsla sem gert er ráð fyrir að nýta í verkefni sem lúta m.a. að því að draga úr fjarveru á vinnumarkaði og efla stuðningsúrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu ásamt því að stuðla að heilsusamlegri vinnustöðum.

# 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 70.364 m.kr.

**33.10 Fjármagnskostnaður**

Gerð er tillaga um að hækka framlag til málaflokksins um 26.401 m.kr. sem skýrist af hækkun vaxtagjalda ársins 2023 sem má einkum rekja til verðbóta verðtryggðra lána, en skv. uppfærðri þjóðhagsspá er spáð verðbólga á árinu 2023 8,7% sem er umfram forsendur fjárlaga sem gerðu ráð fyrir 5,6%. Hvert prósentustig af verðbólgu leiðir til gjaldfærslu um 6–6,5 ma.kr. í auknar verðbætur sem eru áætlaðar rúmlega 20 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá hefur hærra vaxtastig og breyttar forsendur um sölu Íslandsbanka leitt til rúmlega 6 ma.kr. hærri gjaldfærslu vaxta á árinu umfram forsendur fjárlaga.

**33.30 Lífeyrisskuldbindingar**

Lagt er til að framlag til málaflokksins hækki um 43.963 m.kr. vegna endurmetinnar áætlunar um lífeyrisskuldbindingar ársins 2023. Hækkunina má rekja til hækkunar á vísitölu lífeyrisskuldbindinga sem hefur verið óvenju mikil fyrstu mánuði ársins 2023, m.a. í tengslum við kjarasamninga. Gert er ráð fyrir að vísitalan hækki minna á síðari hluta árs.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga er viðkvæm fyrir breytingum á vísitölu lífeyrisskuldbindinga, sem ræðst að stærstu leyti af launabreytingum innan ársins. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga er viðkvæm fyrir breytingum á vísitölu lífeyrisskuldbindinga, sem ræðst að stærstu leyti af launabreytingum innan ársins. Gjaldfærslan miðast að hluta til við breytingu á heildarlífeyrisskuldbindingum innan ársins, en heildarlífeyrisskuldbindingar námu 1.116 ma.kr. í árslok 2022. Þannig geta jafnvel litlar breytingar á vísitölunni leitt til hárrar gjaldfærslu. Á hinn bóginn er vert að nefna að þótt gjaldfærslur vegna lífeyrisskuldbindinga geti sveiflast mikið á milli ára breytist greiðslan innan ársins minna þar sem breytingin dreifist á mörg ár.

Rétt er að vekja athygli á því að meðferð lífeyrisskuldbindinga er mismunandi eftir því hvort horft er á fjárheimildir málefnasviða skv. IPSAS-reikningsskilastaðlinum, þ.e. framsetningu ríkisreiknings, eða heildarútgjöld á þjóðhagsgrunni skv. GFS-hagskýrslustaðlinum, sbr. framsetningu 1. gr. fjárlaga. IPSAS-staðallinn gerir almennt ráð fyrir að allar magn- og verðbreytingar ársins færist um rekstrarreikning, s.s. vegna áhrifa af ávinnslu

nýrra réttinda á árinu, launabreytinga, breytinga á tryggingafræðilegum forsendum og ávöxtun eigna. Við færslumeðferð skv. GFS-staðli færast einungis breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna ávinnslu réttinda á árinu og reiknaðs vaxtakostnaðar af útistandandi lífeyrisskuldbindingum um rekstrarreikning. Aðrar breytingar á lífeyrisskuldbindingum, s.s. vegna launabreytinga, breytinga á ávöxtunarprósentu, lífslíkum eða lífeyrisaldri, færast um endurmat yfir á efnahag. Staða lífeyrisskuldbindinga á efnahagsreikningi í árslok er hins vegar sú sama skv. stöðlunum báðum. Nánar er fjallað um muninn á þessum tveimur stöðum í viðauka um framsetningu og uppgjör ríkisfjármála í greinargerð með fjárlagafrumvarpi ársins 2024 og í ríkisreikningi ársins 2022.

# 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 100 m.kr.

**35.10 Þróunarsamvinna**

Lagt er til að framlag til málaflokksins verði aukið um 100 m.kr. vegna mannúðaraðstoðar til íbúa Gaza vegna stríðsátaka á svæðinu.